

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2018.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2018:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>	
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	239.484	2.873.808	
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	44.866	538.392	
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	33.168	398.016	
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	44.866	538.392	
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	33.168	398.016	
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	44.866	538.392	
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	143.676	1.724.112	
<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		71.889	862.668
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	3.491		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		33.168	398.016

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2018:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	9.602	115.224
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	24.965	299.580
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	33.168	398.016
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	179.465	2.153.580
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	150.833	1.809.996
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	49.404	592.848
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	37.008	444.096
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	44.866	538.392
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	60.516	726.192
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	48.564	582.768
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	16.583	198.996

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1247/2016, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2017.

Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.

Ásmundur Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.